



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ

KENNADEILD



Garðaskóli  
Garðabæ

# Innleiðing nýsköpunar í textíl

Þróunarverkefnið var unnið á tímabilinu júní 2016 til júní 2017  
með styrkveitingu úr Sprotasjóði

**Höfundar:** Ásdís Jóelsdóttir lektor í textíl og kennari á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Guðrún Björk Einarsdóttir textílkennari í Garðaskóla

**Þátttökustofnanir:** Textílkjörsvið Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Garðaskóli í Garðabæ

**Verkefnisstjóri:** Ásdís Jóelsdóttir

© 2017 Ásdís Jóelsdóttir lektor í textíl við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Guðrún Björk Einarsdóttir textílkennari í Garðaskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla fyrir Sprotasjóð vegna þróunarverkefnis

Innleiðing nýsköpunar í textíl

Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Garðaskóli í Garðabæ

ISBN 978-9935-9297-9-2

## Formáli

Þróunarverkefnið *Innleiðing nýsköpunar í textíl* fólst í samvinnu margra, þvert á aldur, reynslu og menntun. Kennaranemar og nemendur fengu þjálfun í að kynna eigin hugmynd og standa með henni frá hugmynd að lokaafurð. Hver og einn fór í gegnum nýsköpunarferlið með því að gera tilraunir og prófanir og læra af mistökum og finna nýjar leiðir og lausnir.

Þátttakendur lærðu hver af öðrum og út frá hugmyndum annarra þar sem fjölbreytileikinn spratt út frá efnismikilli efnisveitu sem í boði var. Þannig framkallaðist reynsla og þekking á því að allskonar efnivið má umbreyta í eitthvað nýtt sem nýtist einhverjum. Tilraunir og það að prófa sig áfram getur orðið að einhverju stærra og meira.

Í verkefninu fólst sterk tenging milli skólastiga sem fól í sér innsýn háskólanema á grunnskólaumhverfinu og upplifun grunnskólanema að vinna með, kynnast og fá leiðsögn háskólanema. Vinnan leiddi síðan til sameiginlegrar vinnu við uppsetningu sýningar. Með sýningunni skapast ákveðin „fjarlægð“ á afurðina þannig að hún „lifir“ sjálfstæðu lífi meðal óþekktra og þannig fær viðkomandi tækifæri til að fá álit og gagnrýni á afurðina en einnig möguleika til að útskýra tilvist hennar.

Verkefnið vakti athygli á mikilvægum þætti nýsköpunar innan textílgreinarinnar og sú reynsla fylgir að öllum líkindum þeim sem tóku þátt í verkefninu og þeim sem komu á kynningar eða sýningar.

Þróunarverkefnið hefur verið kynnt á sýningum, ráðstefnum og meðal fagfólks og fengið jákvæð viðbrögð hjá skólayfirvöldum og samkennurum beggja skólastiga. Við kennararnir sem unnum að þróunarverkefninu teljum að þessi leið sem við höfum valið til að innleiða nýsköpun í textíl sé nýjung og geti verið góð fyrirmynd fyrir aðrar námsgreinar sem vilja innleiða nýsköpun í sínum kennslugreinum.

Það er von okkar að skýrslan og fylgigögn hennar muni nýtast fleiri textílkennurum sem og öðrum kennurum og að verkefnið geti verið hvatning til að leiða textílgreinina inn á nýjar og spennandi brautir – því möguleikar greinarinnar eru óendanlegir.

**Ásdís Jóelsdóttir og Guðrún Björk Einarsdóttir**

**Þakkir til styrktar- og stuðningsaðila**

Við viljum þakka Sprotasjóði fyrir stuðninginn í þessu mikilvæga verkefni sem mun hafa mikla þýðingu fyrir þróun textílgreinarinnar á öllum skólastigum. Við færum skólastofnunum okkar sérstakar þakkir fyrir jákvæðar undirtektir, stuðning og hvatningu. Við þökkum einnig velviljuðum samstarfsaðilum sem styrktu framkvæmd verkefnisins í formi fræðslufyrirlestra eða með innleggi í efnisveituna, en þeir eru:

G Á húsgögn

Garðapryjón

Hampiðjan

Henson

Ikea

Ístex

Lín

Oddi – Plastprent

Rauði krossinn (fræðslufyrirlestur)

Seglagerðin Ægir

Sorpa (fræðslufyrirlestur)

Twill

Varma (Glófi)

Vogue

Z-brautir og gluggatjöld

Einnig var tekið vel á móti okkur og vörur kynntar hjá Enso, Textílprentun Íslands, Handverkshúsinu, Merkt, Fab Lab Ísland og fleiri aðilum.

---

<b>Formáli</b>	<b>2</b>
<b>Þakkir til styrktar- og samstarfsaðila</b>	<b>3</b>
<b>Efnisyfirlit</b>	
<b>Inngangur</b>	<b>5</b>
<b>1 Markmið og forsendur verkefnis</b>	<b>7</b>
<b>2 Nýsköpun í textíl</b>	<b>9</b>
2.1 Markmið nýsköpunar í textíl	9
2.2 Nálgunarleiðir við nýsköpunarvinnuna	10
<b>3 Leiðir og verkferli til að ná tilsettum markmiðum</b>	<b>11</b>
3.1 Undirbúningur og fyrirbyggjandi gögn frá kennurum	11
3.2 Hæfniviðmið vegna verkefnavinnu kennaranema og nemenda	13
3.3 Skipulag verkhluta með Nýsköpunarblöðum	14
3.4 Skipulag á kennsluhluta kennaranema	15
3.5 Helstu viðmið við námsmat hjá kennaranemum og nemendum	17
<b>4 Ávinningur og mat á verkefninu samkvæmt umsókn</b>	<b>19</b>
<b>Heimildaskrá</b>	<b>23</b>
<b>Viðaukar</b>	<b>24</b>
1. Nýsköpunarblöð 1-9	25-34
2. Sýnishorn af myndum frá verkefnavinnu	35-38
3. Sýnishorn af lýsingum á sýningarmunum vegna sýninga	39-40
4. Sýnishorn af umfjöllun um sýningu í Garðaskóla	41
5. Sýnishorn af umfjöllun um sýningu í Stakkahlíð MVS HÍ	42
6. Viðtal við kennaranema vegna þátttöku í þróunarverkefninu	43
7. Sýnishorn af greinargerð kennaranema í formi spurninga og svara	44-46
8. Sýnishorn af greinargerð nemenda í formi spurninga og svara	47

## Inngangur

Mikil aukning hefur verið á sviði hönnunar og nýsköpunar innan textílgreinarnar í framhaldsnámi og í atvinnulífinu og því þörf á að efla menntun í nýsköpun, enda samverkandi þættir. Markmiðið með þróunarverkefninu *Innleiðing nýsköpunar í textíl* var að samþætta og þróa hentugar kennsluaðferðir í nýsköpun í textíl og markvisst innleiða nýsköpun á tveimur skólastigum samtímis; í textílkennaranáminu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og í textílmennt í Garðaskóla í Garðabæ.

Verkefnið var byggt upp sem samvinnuverkefni; kennaranna innbyrðis, kennaranema og nemenda, kennaranema innbyrðis og nemenda í milli. Verkefnið var unnið samkvæmt hæfniviðmiðum í textílmennt í Aðalnámskrá grunnskóla almennur hluti 2011 og greinasvið frá árinu 2013, markmiðum textílkennslu í skólanámskrá Garðaskóla, nánar tiltekið í textílvali í 10. bekk (Garðaskóli, e.d.) og samkvæmt markmiðum í kennsluskrá textílkjörsviðs MVS, nánar tiltekið í námskeiðinu Nýsköpun í textíl (10 einingar) sem er skyldunámskeið í grunnnámi textílkennaranámsins (Háskóli Íslands, e.d.).

Námskeiðið Nýsköpun í textíl er nýjung í framboði textílkjörsviðsins og var það kennt í fyrsta skipti á haustmisseri 2016. Nýjungin er fólgin í því að fylgja eftir ferlum hugmyndavinnu, hönnunar og nýsköpunar og kröfunni um nýmæli afurða. Til þess að ná því markmiði og að sem bestur árangur næðist var ákveðið að tengja verkefnið við kennsluvettvang og vera í samvinnu við grunnskóla þar sem fyrir væri öflugt textílval eins og reynst hefur í Garðaskóla. Á sama tíma gafst möguleiki á að tengja verkefnið við kennslureynslu kennaranema.

Kennaranemar í námskeiðinu Nýsköpun í textíl voru blandaður hópur kennaranema á öðru og þriðja ári í B.Ed. námi á textílkjörsviði í grunnskólakennarafræðum og er það samkvæmt skipulagi Menntavísindasviðs. Kennaranemarnir voru ellefu og allir höfðu þeir áður verið á textílnámskeiðum á MVS, einu eða fleirum, og þannig með ákveðna reynslu í textílgreininni og af kennslu á vettvangi.

Fjöldi nemenda í textílvali í 10. bekk í Garðaskóla var tíu. Allir höfðu verið í textíl í 8. bekk og hluti nemenda lokið textílvali í 9. bekk. Margar valgreinar eru í boði fyrir 10. bekk í Garðaskóla og því má ætla að þeir sem völdu valnámskeiðið í textíl hafi gert það af áhuga.

Í fyrsta hluta er farið yfir markmiðið með verkefninu, forsendur umsóknaraðila og hvernig staðið var að framkvæmd verkefnis. Í öðrum hluta er greint frá markmiðum og möguleikum nýsköpunar í textíl og nálgunarleiðum við nýsköpunarvinnuna. Í þriðja hluta er farið í undirbúningsvinnu og fyrirbyggjandi gögn frá kennurum, hæfniviðmið verkefnis, útfærslu á Nýsköpunarblöðum, skipulag á kennsluhluta kennaranema og viðmið við námsmat. Í fjórða hluta er farið yfir ávinning og mat á verkefninu.

## 1 Markmið og forsendur verkefnis

Ein af meginspurningunum í verkefninu var: Hvernig geta nýjungar í textílaðferðum og ný efni samlagast nýsköpunarferlinu þörf-lausn-afurð í formi fatnaðar og nytjahluta með endurnýtingu að leiðarljósi? Markmiðið var að vinna með þær fjölbreyttu aðferðir sem textílgreinin hefur upp á bjóða og hanna fatnað og nytjahluti út frá forsendum nýsköpunar og nýta til þess fjölbreytta efnisveitu þannig að hráefnið væri þegar til staðar og litlu kostað til.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er textílgreinin flokkuð undir hönnun og handverk þar sem þjálfun og verkfærni fer fram með fjölbreyttum aðferðum:

Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

Textílgreinin byggir á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt.

Í textílnámi er unnið með efni af ólíkum toga, allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru. Þess vegna er mikilvægt að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni (Aðalnámskrá grunnskóla, greinasvið 2013, bls. 158).

Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að sköpun sé fólgin í því að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti 2011, bls. 24). Í þróunarverkefninu var markmiðið að allir þátttakendur ynnu að sameiginlegu markmiði og fyndu hæfileikum sínum farveg. Markmiðið er einnig að undirbúa kennaranema og nemendur undir áframhaldandi nám og störf enda hefur þáttur nýsköpunar og hönnunar haft mun meira vægi í atvinnulífi þjóðarinnar en áður hefur verið (Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, e.d.).

Önnur meginspurningin í þróunarverkefninu var: Hvernig er hægt að mynda skipulagsramma utan um vinnuferlið og framvinduna frá kveikju til framkvæmdar og lokaafurðar? Markmiðið var að hanna umgjörð um útfærslu verkþátta við hugmynda-



hönnunar-, og nýsköpunarvinnuna þannig að tímarammi verkefnis stæðist, án þess þó að skaða sköpunargleði þátttakenda. Ýmsar kveikjur voru notaðar til að færa rök, fanga athygli og skapa löngun og vilja til að kljást við nýsköpunarverkefnin. Hugarkort, hugmyndaspjöld og Nýsköpunarblöð voru notuð til að fullmóta hugmyndina og setja fram vinnuáætlun og greina og skipuleggja verkþætti (Nýsköpunarblöð Viðauki 1). Í verkefninu var nýsköpunin fólgin í því að skapa eða búa til eitthvað nýtt eða endurbæta (Nýsköpunarmiðstöð Íslands, e.d.). Átti það bæði við um skipulagið á þróunarverkefninu sjálfu og verkefni kennaranema og nemenda. Þáttur hönnunar sneri aðallega að útliti afurðanna í tengslum við snið, munstur, línur, liti, form og áferð (Einkaleyfastofa, e.d.). Einnig var lögð áhersla á færni í handverki og frágangi. Lokamarkmið var sameiginleg sýning á verkum kennaranema og nemenda sem haldnar voru í Garðaskóla og í húsnæði MVS HÍ í Stakkahlíð. Með sýningu verður til ákveðin sannfæring um það hvort afurðin/varan standist væntingar.

Í tengslum við utanumhald og skipulag verkefnisins var að meginhluta horft til menntunar, faglegrar þekkingar og áralangrar reynslu umsækjenda í hönnunar- og nýsköpunarkennslu; Ásdísar Jóelsdóttur, lektor í textíl við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Guðrúnar Bjarkar Einarsdóttur, textílkennara við Garðaskóla í Garðabæ.

## 2 Nýsköpun í textíl

Textílgreinin er fjölbreytt vegna þeirra ólíku aðferða sem þar eru í boði; prjón, hekl, vefnaður, þæfing, fatasaumur, útsaumur, þrykk, litun og fleira mætti telja. Hver aðferð fyrir sig býður síðan upp á óendanlegt verkefnaval. Í verkefninu var markmiðið að finna gömlum aðferðum nýjan farveg og vinna með nýja tækni og aðferðir við að búa til ný efni og afurðir úr fjölbreyttri efnisveitu.

Umhverfisvernd og sjálfbærni eru orðnir mikilvægir þættir í rekstri fyrirtækja og daglegu lífi fólks og hefur textílgreinin þar marga snertifleti. Endurnýting á textílafurðum er bæði umhverfisvæn og arðbær hugsun og framkvæmd (Sigrún Helgadóttir, 2013, bls. 28). Endurnýting snýst um að gera við hluti eða nýta virka hluta til þess að gera annan hlut virkan. Auk þess er endurnýting mikilvægt tækifæri til að nýta ímyndunarafl sitt og sköpunarkraft í að skapa nýja afurð úr notaðri eða ónotaðri textílafurð, einni eða fleirum. Endurnýting er þannig mikilvægt tækifæri til sköpunar og persónulegrar nálgunar þar sem unnið er með nýjar lausnir sem tengjast gjarnan nýsköpun og hönnun (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 14).

Í nýsköpunarverkefninum var lögð áhersla á að vera með fjölbreytta efnisveitu fyrir endurnýtinguna þar sem mismunandi hráefni (fata-, gluggatjalda- og áklæðafni ásamt plastefnum og prjónagarni) komu frá ýmsum samstarfsaðilum, hér á bæði við um náttúruleg efni og gerviefni. Ýmsir efnisafgangar, þó misstórir séu og sem annars hefðu lent í ruslinu, geta verið mikilvæg uppspretta að nýjum hugmyndum og möguleikum.

### 2.1 Markmið nýsköpunar í textíl

Textílgreinin er rík af allskyns fatnaði og nytjahlutum þar sem endalaust má finna nýjar þarfir, leiðir og lausnir. Markmiðið með verkefninu var að vinna með fjölbreytta efnisveitu og nýstárlegar textílaðferðir og sniðútfærslur.

Helstu leiðir og verkþættir voru:

- að vinna með nýja nálgun á eldri aðferðum
- að vinna með ný munstur þar sem ýmsum aðferðum var beitt

- að vinna með nýjar áferðir í efni með ýmsu móti
- að endurnýta, endurskapa og endurvinna
- að vinna ný efni með fjölbreyttum aðferðum
- að kanna „nýjar“ eða „breyttar“ þarfir í fatnaði og fylgihlutum
- að vinna með nýstárlegt útlit með áherslu á snið, form, línur og skurði

## 2.2 Nálgunarleiðir við nýsköpunarvinnuna

Nýsköpunin fólst í því að vinna með nýjar og breyttar aðferðir við hugmynda-, hönnunar- og nýsköpunarferlið með sérhönnuðum Nýsköpunarblöðum þar sem fylgt var eftir ferlinu þörf-lausn-afurð. Meginmarkmiðið var að vinna ný efni með nýjum aðferðum og útfæra nýjar lausnir í fatnaði og nytjahlutum.

Helstu nálganir voru:

- að vinna eftir ferlinu þörf-lausn-afurð
- að búa til „nýtt“ efni
- að vinna með „nýjar“ aðferðir
- að vinna með „nýjar“ eða „breyttar“ þarfir
- að vinna með endurnýtingu, endurvinnslu og endursköpun

Kennaranemar unnu hver og einn að eigin nýsköpunarverkefnum í formi hugmyndavinnu fyrir fatnað og nytjahlut og fullunnu hvort tveggja. Nemendur í Garðaskóla unnu eigin nýsköpunarverkefni í formi hugmyndavinnu fyrir fatnað og nytjahlut og fullunnu annað þeirra að eigin vali.

### 3 Leiðir og verkferli til að ná tilsettum markmiðum

Mikilvægur þáttur í því að ná fram tilsettum markmiðum var að undirbúa verkefnisvinnuna þannig að ljóst væri að flókið verkferlið sem framundan var gengi upp og var það í höndum verkefnisstjóra verkefnis og kennara (Ásdísar og Guðrúnar). Unnið var markvisst að fyrirbyggjandi gögnum sem myndu auðvelda upphaf verkefnis þannig að vinnan færi vel af stað. Átti það aðallega við um framkvæmd efnisveitu, skipulag á kennsluhluta kennaranema og kennslu í gerð lokaafurða. Einnig voru sett fram drög að skipulagi sýningar og útbúin spurningakönnun í formi greinargerðar. Byrjað var að setja fram hæfniviðmið í vinnuferlissróð og voru þau síðan notuð til að útfæra Nýsköpunarblöðin 1-9 og að setja fram innihald og markmið að námsmati.

#### 3.1 Undirbúningur og fyrirbyggjandi gögn frá kennurum

Samvinna kennara fólst í samstarfi við ýmis fyrirtæki vegna efnisveita fyrir báða skólana (MVS og Garðaskóla). Mikilvægt var að undirbúa efnisveituna vel áður en farið var af stað með verkefnið þannig að nemendur gætu í upphafi haft fjölbreytt efni til að vinna úr, til dæmis í prufugerðinni, en jafnframt í lokaverkefnum. Útbúnar voru prufur af öllum efnunum í efnisveitunni og gengið frá þeim í möppur, körfur og útbúin aðferðamappa þar sem ýmis efni voru notuð í tilraunir við að búa til ný efni.

Gögnin nýttust sem kveikjur til að koma sköpunarkraftinum og ímyndunaraflinu í gang hjá kennaranemum og síðar nemendum í Garðaskóla (prufur úr stöðvakennslu kennaranemanna bættust síðan við). Möppurnar voru til að halda utan um innihald efnisveitanna og til rifja upp aðferðir og til að sjá þær í samhengi enda möguleiki á að vinna með fleiri en eina aðferð í afurðavinnunni. Megintilgangurinn með þessum góða frágangi var einnig að nemendur bæru virðingu fyrir því sem finna mátti í efnisveitunum og að verið væri að vinna með „alvöru efni“ til að búa til eitthvað nýtt og þarft.

Fyrirlestrar frá Sorpu og Rauða krossinum voru skipulagðir og útbúnir fyrirlestrar til að kynna verkefnið fyrir kennaranemum og nemendum og varðandi hugmyndavinnu, frumleika og nýmæli. Einnig útfærðu kennarar vinnuferlið frá hugmynd að lokaafurð með sérhönnuðum

Nýsköpunarblöðum sem nýtt voru sem útfyllingarblöð fyrir kennaranema og nemendur til að halda utan um verkferlið og framvindu verkefna út frá tímaramma námskeiðsins.

Kennarar höfðu umsjón með undirbúningi að kennsluhluta kennaranema í Garðaskóla í samvinnu við kennaranemana. Meginviðfangsefnið var síðan kennsla í fullvinnslu afurða hjá bæði kennaranemum og nemendum. Einnig voru haldnir fundir og skráðar upplýsingar í bæði textaskrifum og í ljósmyndum. Að lokum héldu kennarar utan um skipulag og framsetningu sýninga og gerð könnunar meðal kennaranema og nemenda á upplifun þeirra á skipulaginu, vinnuferlinu í nýsköpunarverkefnunum og afrakstri.

Yfirlit yfir undirbúning og fyrirbyggjandi gögn frá kennurum:

- Umsókn um þróunarstyrk í Sprotasjóð og samstarf við skólastjórnendur
- Námskeiðsbók með útskýringum á verkferli námskeiðsins Nýsköpun í textíl og markmiði og skipulagi þróunarverkefnisins sem sneri að kennaranemum
- Hæfniviðmið í vinnuferlisröð
- Skipulag á kennsluhluta kennaranema (fjögur skipti í Garðaskóla) sem innihélt; kveikjur, innlögn, prufugerð og verkefnalýsingar, sýnikennsla, stöðvarkennsla í formi örkennslu, hópumræður, teymisvinnu og þátttöku í námsmati
- Fyrirlestrar frá Sorpu og Rauða krossinum
- Fjölbreytt efnisveita frá ýmsum samvinnuaðilum
- Mappa með efnisprufum úr efnisveitu þannig að gott yfirlit var yfir efnin
- Efniskarfa með prufum úr efnisveitu sem klippa mátti af fyrir sýnishorn
- Aðferðahugmyndabók með efnunum úr efnisveitu sem kveikjur fyrir kennaranema
- Fyrirlestrar á glærum fyrir innlögn, kveikjur og hugmyndavinnu fyrir kennaranema og nemendur
- Atriðablöð fyrir hópumræður og teymisvinnu kennaranema með nemendum
- Nýsköpunarblöð 1-9, notuð af kennaranemum og nemendum við verkferlið og af kennaranemum og kennurum við námsmat
- Gerð spurninga og úrvinnsla – könnunin var unnin sem hluti af greinargerð kennaranema og nemenda
- Kynningar á þróunarverkefninu

### 3.2 Hæfniviðmið vegna verkefnavinnu kennaranema og nemenda

Hæfniviðmiðin voru sett fram út frá forsendum og markmiðum verkefnis og voru einnig notuð við gerð Nýsköpunarblaðanna 1-9.

Markmiðin eru að kennaranemar og nemendur:

- þekki hönnunar- og nýsköpunarferlið í tengslum við þörf – lausn – afurð
- geti fylgt eftir þróun hugmyndar að fullunnum hlut
- geti sýnt frumkvæði og hugmyndaauðgi í ferlisvinnunni
- geti af sjálfsdáðum aflað hugmynda, fundið þarfir og viðfangsefni í umhverfi sínu
- geti nýtt sér ýmsa miðla við öflun upplýsinga og úrvinnslu
- geti hugleitt útlit, notagildi og gæði
- geti greint, metið og valið viðeigandi lausnir
- skilji sambandið milli hugmyndar, hráefnis, aðferða og niðurstöðu
- séu færir um að taka sjálfstæða ákvörðun varðandi verkefnaval
- geti greint verkþætti, sett fram vinnuáætlun og unnið undir leiðsögn
- séu færir um að rýna í eigin verk og rökstyðja niðurstöður, bæði munnlega og skriflega og á myndrænan hátt
- skynji að verk þeirra hafi sérstöðu og séu þeirra eigin hugverk
- skilji gildi hönnunar- og nýsköpunar fyrir samfélagið
- noti ferilmöppur sem hluta af úrvinnslu á verkefnavinnu
- geti kynnt eigin verk og tekið þátt í sýningum

### 3.3 Skipulag verkhluta með Nýsköpunarblöðum

Eitt af meginmarkmiðunum með þróunarverkefninu var að ná utan um tímaþáttinn frá hugmynd að fullvinnslu afurða og að afmarka ferlisvinnuna miðað við þann tíma sem úthlutaður var fyrir 10. bekk í textílval í Garðaskóla og á tíu eininga námskeiði kennaranema á textílkjörsviði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Nýsköpunarblöðin níu voru útfærð og notuð til að halda utan um gögn, ferlisvinnuna og framvindu verksins á skipulagðan og hvetjandi hátt meðan á vinnuferlinu stóð.

Blöðin eru merkt eftir því vinnuferli sem fylgt var eftir í verkefnavinnunni:

- Nýsköpunarblað 1: Aðferðir og tilraunir
- Nýsköpunarblað 2: Hugmyndagreining og hugarkortagerð
- Nýsköpunarblað 3: Spurningar um hugmyndir
- Nýsköpunarblað 4: Hugmyndaspjöld
- Nýsköpunarblað 5: Úrvinnsla á hugmynd fyrir fatnað og fylgihlut
- Nýsköpunarblað 6: Fullvinnsla á lokaafurð og hugarkort
- Nýsköpunarblað 7: Sýning og sýningarmunir
- Nýsköpunarblað 8: Innihald ferilmöppu
- Nýsköpunarblað 9: Námsmat

Fyrsta blaðið heldur utan um upplýsingar um aðferðir og prufur úr stöðvakennslu 1 og 2, en útkoman úr þeirri vinnu var notuð sem kveikja fyrir ný efni með áherslu á endurnýtingu. Blað tvö hjálpar til við hugmyndagreiningu og hugarkortagerðina, þannig fengu kennaraneminn og nemendur tækifæri til að tæma úr viskubrunninum og máta aðferðir og prufur við nýjar þarfir. Þriðja Nýsköpunarblaðið tengist þörfinni og það hvort afurðin, sem líklega yrði fyrir valinu í fullvinnslu, gæti flokkast undir nýsköpun. Blaðið er sett upp sem stutt spurningakönnun meðal til dæmis tveggja einstaklinga, sem afurðin er hugsuð fyrir.

Fjórða blaðið er hluti af því að þrengja val kennaranemanna og nemandanna við flík og nytjahlut í tengingu við nýjar aðferðir, nýtt efni og útlit. Einnig er hugað að gagnasöfnun og hvað hugmyndaspjöldin eigi að innihalda.

Í tengslum við blað fimm er hugað að útliti vörunnar, hér flík og nytjahlut, og úrvinnslu á hugmyndaspjöld og tekin ákvörðun um lokaafurð. Á sjötta blaðinu er yfirlit yfir framkvæmd og fullvinnslu á lokaafurð, en einnig er möguleiki á að útbúa hugarkort yfir þá þætti sem vinna þarf í tengslum við fullvinnsluna og að skrá vinnuferlið á myndrænan hátt með stuttum skýringartextum.

Á sjöunda blaðinu eru upplýsingar um framsetningu sýningarmuna og uppstillingu fyrir sýningu. Sýningarnar voru samvinnuverkefni kennaranema og nemenda og voru sýningarmunir frá báðum aðilum á sýningunum. Í allri hönnun og nýsköpun hafa sýningar mikið gildi og eykur hvata til að ljúka verkefnum og ganga frá þeim á þann hátt að þau séu

sýningarhæf. Þess vegna er mikilvægt að öll fylgigögn undirstriki „frásögnina“ um afurðina óháð þeim sem bjó hana til.

Kennaranemar og nemendur ákváðu sjálfir framsetningu með hliðsjón af útliti, formi og umfangi afurðanna, hér er átt við hugmyndavinnu og hugmyndaspjöld sem tilheyra annars vegar nytjahlut og hins vegar flík. Áttunda blaðið inniheldur yfirlit yfir gögn í ferilmöppu og blað níu er síðan námsmatsblað.

### 3.4 Skipulag á kennsluhluta kennaranema

Kennaranemar unnu í upphafi misseris að eigin nýsköpunarverkefnum og voru komnir að mestu leyti í gegnum hugmynda- og nýsköpunarferlið þegar þeir hófu yfirfærslu þeirrar reynslu til nemenda í Garðaskóla. Með öðrum orðum þá fengu kennaranemar tækifæri til að gera samanburð á því sem þeir sjálfir upplifðu við upplifun grunnskólanemandans í sama nýsköpunar- og hugmyndaferli ásamt því að bera ábyrgð á kennslunni með aðstoð kennaranna (Ásdísar og Guðrúnar).

Kennaranemarnir voru einnig með samvinnu sín í milli við undirbúning kennsluhluta sem var með fjölbreyttu sniði. Einnig voru kennaranemarnir í samvinnu við nemendur um að ná árangri í verkefnavinnunni sem síðan lauk með sameiginlegri sýningu kennaranema og nemenda á hugmyndaspjöldum og lokaafurðum.

Fyrir kennsluhluta námskeiðsins í Garðaskóla fylgdu kennaranemarnir eftir eigin reynslu við tilraunir, nýjar aðferðir og hugmyndavinnu á eigin nýsköpunarverkefni og yfirfærðu og miðluðu til nemenda í Garðaskóla. Um var að ræða fjögur kennsluskipti sem skipt var niður á fjórar vikur, nánar tiltekið þriðjudagana 13., 20. og 27. september og 4. október. Við kennsluna, sem einnig fór fram undir leiðsögn kennara (Ásdísar og Guðrúnar), voru nýttar fjölbreyttar kennsluaðferðir sem aðallega voru fólgnar í; kveikjum, innlögnum, profugerð, sýnikennslu, stöðvakennslu, örkennslu, hópumræðum og teymisvinnu, ásamt gerð hugarkorta, hugmyndaspjalda og útfyllingu á Nýsköpunarblöðum. Kennaranemar höfðu áður eða samtímis farið í gegnum samskonar ferli. Fullvinnsla afurða fór síðan fram hjá kennurum.

Nemendur voru vel upplýstir um kennsluhluta kennaranema og hvert væri markmiðið með stöðvakennslunni, hópumræðunum og teymisvinnunni. Kennaranemar skipulögðu átta stöðvar sitthvora vikuna. Fyrst var stutt innlagn með sýnishornum frá öllum stöðvum þannig að nemendur hefðu góða yfirsýn yfir verkefnin sem framundan voru. Kennaranemar nýttu



form örkennslunnar ásamt stuttum verkefnalýsingum, sýnishornum og tilklipptum prufum fyrir nemendur. Viðfangsefnin í stöðvunum voru tilraunakenndar textílaðferðir. Í stöðvakennslunni náðu nemendur að fanga meiri og fjölbreyttari þekkingu á frekar skömmum tíma. Kennaranemar kenndu nemendum fyrstu skrefin í aðferðunum en lögð var áhersla á að gerðar væru tilraunir og einungis „fljótgerðar“ aðferðaprufur. Nemendur náðu að kynnast um sextán mismunandi aðferðum.

Í hópumræðum, sem kennaranemar stýrðu, var rætt við nemendur um nýmæli aðferðanna og mögulegar úrvinnslur. Teymisvinnan, sem kennaranemar stýrðu, gekk út á að nemendur skrifuðu niður eina hugmynd á blað, en enginn fékk að vita hver ætti hverja hugmynd. Síðan var ein hugmynd lesin upp í einu og þá gátu aðrir nemendur haft tækifæri til að koma með tillögur um þessa ákveðnu hugmynd og þannig hjálpað til við mótun hennar.

Kennaranemarnir sáu um að skrifa tillögurnar niður sem fram komu við hverja hugmynd. Þegar búið var að fara í gegnum allar hugmyndirnar hjá hverjum og einum nemanda var uppljóstrað hver ætti hverja hugmynd. Í lokin fékk viðkomandi nemandi, eigandi hugmyndarinnar, blaðið og gat þá nýtt sér þær tillögur sem fram komu við mótun hugmynda og áframhaldandi vinnu, meðal annars við hugarkortagerðina. Hópumræður og teymisvinna nýttust þannig við mótun hugmynda.

Áframhaldandi vinna við verkefnið samanstóð af ýmsum þáttum sem bæði kennaranemar og nemendur þurftu að tileinka sér. Útbúin voru níu Nýsköpunarblöð hvert með sínu heiti og sem fylla þurfti í eftir hvern verkhluta. Blöðin voru einskonar skipulagsrammi utan um það ferli sem átti sér stað við nýsköpun og hönnun afurða, eins og áður hefur komið fram.

Kennaranemar fullunnu flík og nytjahlut til að ná dýpri faglegri þjálfun og til þess að geta örvað og hvatt nemendur, auk þess sem þeim var reiknaður meiri tími. Nemendum var ætlað að vinna hugmyndavinnu fyrir hvorttveggja, en síðan að velja að fullvinna annaðhvort flík eða nytjahlut.

Yfirlit yfir kennslufyrirkomulag hjá kennaranemum og nemendum:

- Kennaranemar nýttu eigin reynslu og þekkingu á eigin nýsköpunarverkefnum til að „kenna“, „varpa“ eða „yfurfæra“ til nemenda í Garðaskóla
- Kennaranemar undirbjuggu kennsluhluta með aðstoð kennara

- Kennaranemar skiluðu einnig til kennara eintaki af sýnishornum af prufum og verklýsingum sem viðbót í aðferðamöppur (sem kennarar höfðu útbúið áður)
- Kennaranemar kenndu nemendum í Garðaskóla fjölbreyttar og óhefðbundnar textílaðferðir í leit að nýjum aðferðum og nýjum efnum og tengdu þær við nýjar úrlausnir og þarfir
- Kennaranemar aðstoðuðu nemendur í Garðaskóla við prufugerð, þarfagreiningu, hugarkortagerð, nálgun upplýsinga og úrvinnslu á hugmyndaspjöld sem farveg fyrir hugmyndir og lausnir samkvæmt niðurröðun Nýsköpunarblaðanna
- Kennaranemar fullunnu afurð, flík og nytjahlut, hjá kennara MVS
- Nemendur í Garðaskóla fullunnu afurð, flík eða nytjahlut, hjá kennara Garðaskóla.
- Meðan á fullvinnslu stóð voru sameiginlegir fundir kennaranema og nemenda vegna vinnu við fullvinnslu og undirbúnings fyrir lokasýningu
- Vinnu kennaranema og nemenda lauk með sameiginlegri sýningu og sáu fyrirnefndu aðilar (kennarar, kennaranemar og nemendur) um skipulag og framsetningu hennar. Sýningar voru haldnar í Garðaskóla og í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð
- Kennaranemar og nemendur svöruðu spurningakönnun í formi greinargerðar í lok námskeiðs

### 3.5 Helstu viðmið við námsmat hjá kennaranemum og nemendum

Viðmiðin við námsmatið var unnið út frá hæfniviðmiðum námskeiðsins og Aðalnámskrár grunnskóla. Nýsköpunarblöðin frá 1-8 og ferilmappan lágu einnig til grundvallar við námsmat kennaranema á vinnu nemenda og námsmati kennara á vinnu kennaranema. Námsmat var einnig í formi leiðsagnar- og sjálfsmats meðan á vinnuferlinu stóð.

Við námsmat var tekið mið af sex meginþáttum með hliðsjón af Nýsköpunarblöðum:

- Aðferðir: geta beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum
- Fjögur hugarkort: haft frumkvæði og geta hagnýtt áunna leikni á skapandi hátt
- Spurningakönnun: Tileiknað sér vinnuferli sem snýst um hugmynd og þróun hennar
- Hugmyndaspjöld: Beitt skapandi og gagnrýnni hugsun og tengja við hönnun og textílvinnu

- Úrvinnsla á hugmynd: Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli og skipulagt vinnu með sjálfbærni í huga
- Fullvinnsla: Framkvæma og túlka hugmyndir sínar þar sem vinnuferlið verður sýnilegt

Námsmatið vegna kennsluhuta kennaranema skiptist á eftirfarandi hátt:

- Undirbúningur kennsluhluta í Garðaskóla; kveikjur, innlögn, profugerð og verklýsingar, sýnikennsla, stöðvakennsla, örkennsla, hópumræður og teymisvinna
- Kennsla í Garðaskóla (fjögur kennsluskipti)
- Námsmatstillögur vegna verkefnavinnu nemenda

Námsmatið á nýsköpunarverkefnum kennaranema og nemenda tók mið af:

- Vali og þróun hugmynda
- Frumkvæði, vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Notkun og nýjungum í aðferðum
- Útfærslu hugmynda, hugarkorta og hugmyndaspjalda
- Handverki og frágangi
- Frumleika og nýjungum verkefna, hér fatnaður og nytjahlutur
- Lokaafurð
- Frágangi gagna í ferilmöppur
- Þátttöku í sýningu og framsetningu sýningarmuna
- Spurningakönnun í formi greinargerðar kennaranema og nemenda (sjá viðauka 3 og 4)

## 4 Ávinningur og mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið var mikil áskorun hjá öllum þátttökuaðilum þar sem finna átti nýjum aðferðum og nýjum efnum farveg í nýjum þörfum og nýju útliti textílaferða. Nýjungin var ný nálgun og ný vinnubrögð með samvinnu þvert á skólastig og reynslu. Verkefnið nýtist textílkennaranum í Garðaskóla og textílkennaranum í HÍ við að innleiða nám í nýsköpun í textíl samtímis á báðum skólastigum.

Helsti ávinningurinn er að tekist hefur að svara þeim spurningum sem lágu fyrir í upphafi, um það hvort nýjungar í textílaðferðum og ný efni geti samlagast nýsköpunarferlinu þörf-lausn-afurð í formi fatnaðar og nytjahluta með endurnýtingu að leiðarljósi. Einnig hvort hægt væri að mynda skipulagsramma utan um tímaþáttinn á bak við vinnuferlið og framvinduna frá kveikju til framkvæmdar og lokaafurðar, og sem nýttast mætti á báðum skólastigum.

Nýsköpun í textíl er valkostur fyrir nemendur til að virkja og efla ímyndunarafli sitt og kynnast góðu verklagi ásamt því að veita og meta mismunandi valkosti og gera grein fyrir hugverki sínu. Sýningarformið hafði einnig mikið gildi þar sem þátttakendur, kennaranemar og nemendur gátu vegið og metið verk hver annars og fengið mat á eigin verk.

Í byrjun og undir miðbik ferlisins héldu kennararnir (Ásdís og Guðrún) tvær kynningar meðal kennara í Garðaskóla og á Menntadögum í Garðabæ. Undir lokin og í tengslum við sýningaropnun í Garðaskóla var haldinn fyrirlestur og umræður um verkefnið og framkvæmd þess á fjölmennum félagsfundi textílkennara í grunnskólum. Ásamt því höfðu kennararnir tækifæri til að skoða sýninguna og öll gögn sem unnið hafði verið með í vinnuferlinu. Textílkennararnir sýndu mikinn áhuga á þeim nýjungum og leiðum sem farnar höfðu verið og fengu allar þær upplýsingar sem þeir óskuðu eftir. Einnig var þeim bent á að lesa skýrsluna þegar hún væri birt á netinu. Fleiri kynningar verða haldnar á afrakstri verkefnisins með nýjum kynningum og fyrirlesturum meðal annars í skólum, Menntakviku Menntavísindasviðs og öðrum ráðstefnum.

Lokið er við að innleiða þessa nálgun, nýsköpun í textíl, varðandi kennsluhætti, nýjar textílaðferðir og vinnuferli ásamt auknu sýningarhaldi í textílkennaranáminu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Það sama á við um kennslu í textílmennt í Garðaskóla í

Garðabæ. Verkefnið mun veita nemendum og kennaranemum sem og öðrum innblástur fyrir aðra verkefnavinnu í tengslum við hugmynda- hönnunar- og nýsköpunarvinnu í textíl. Öll vinnugögn nýtast áfram á öðrum námskeiðum, í æfingakennslu og ýmsum nýsköpunar- og hönnunarverkefnum. Sem dæmi má nefna hefur þetta verklag nýst kennaranemum á textílkjörsviði MVS í æfingakennslu, nemendum í Garðaskóla í margs konar þemavinnu á Gagn og gaman dögum og í Stíl, fatahönnunarkeppni Samfés.

Verkefnið hefur aukið víðsýni og hugsun um það hvernig má endurnýta og umbreyta efnum og búa til eitthvað alveg nýtt með tilraunum og prófunum. Verkefnið hefur gefið kennaranemum og nemendum tækifæri til að vinna á rannsóknarmiðaðan hátt að nýsköpun út frá eigin þörfum eða annarra. Þeir hafa einnig öðlast reynslu til að ígrunda hugmyndir sínar og setja þær í form nýsköpunar.

Efnisveitur geta kallað fram hugmyndir, það að þreifa og skoða í möppum og körfum og gera tilraunir og prófanir á hvað virkar og hentar. Og síðan hvernig vinna má á skapandi hátt með nýjar aðferðir og ný efni með endurnýtingu að leiðarljósi. Með Nýsköpunarblöðunum tókst að gera vinnuferlið frá hugmynd að lokaafurð sýnilegri fyrir kennaranemum og nemendum og að afmarka tímabætti verkefnavinnunnar.

Við vinnuna eru það ekki aðeins verkin sjálf eða útkoman sem skipta máli heldur leiðin sem farin var þar sem hver og einn fer í gegnum það vinnuferli sem leiðir að lokum til nýsköpunar og þess að afurð verði til. Í þróunarverkefninu var lagt upp með að alltaf væri ástæða eða þörf fyrir hverju verkefni sem unnið var að. Hlutverk hvers og eins, kennaranema og nemenda, var að finna leiðir og lausnir til þess að geta framkvæmt og búið til nýsköpunarverk. Gildi þess að halda sýningu er mikilvægt að því leyti að hún staðsetur verkið í eins konar hærra veldi þar sem sá sem sýnir og á verkið þarf að standa með eigin verki og geta rökstutt tilurð þess.

Sýning kennaranema og nemenda í Garðaskóla var kynnt í fréttum Ríkissjónvarpsins í tengslum við sýningaropnunina, á heimasíðu Garðaskóla og Garðabæjar, auk þess var fréttuumfjöllun í Garðapóstinum. Sýning kennaranema og nemenda í húsnaði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð var kynnt á heimasíðu MVS og Háskóla Íslands, en einnig birtist þar viðtal við einn kennaranema um þátttökuna í þróunarverkefninu.

Hér í lokin eru nokkrar tilvitnanir í svör nemenda og kennaranema úr spurningakönnun

Nemendur:

- „skemmtilegt að geta sagt frá sínum hugmyndum og heyra hugmyndir frá öðrum sem veittu innblástur“
- „stöðvakennslan var mjög skemmtileg og sniðug kennsluaðferð“
- „í hópumræðunum og teymisvinnunni fannst mér gott að fá tillögur frá öðrum, þá gat ég breytt hugmyndinni minni smá til gera hana betri“
- „hugarkortin hjálpuðu til við að þróa hugmyndina“
- „hugarkortin hjálpuðu mér til að ákveða hvað ég vildi gera“
- „í gegnum hugarkortin fékk ég öðruvísi hugmyndir, sumar sem ég notaði og sumar gengu ekki“
- „mér fannst gaman á sýningunni, helling af flottri sköpun og að sjá hana í sjónvarpinu“
- „það var ótrúlega gaman að sjá hvað verkefni voru mismunandi og sérstaklega að hafa sitt eigið verkefni svo aðrir geti séð“
- „ótrúlega skemmtilegt verkefni, dálítið krefjandi og ólíkt því sem ég hef gert og gaman að prófa eitthvað nýtt“

Kennaranemar:

- „nemendum fannst hópumræðurnar frekar pínlegar fyrst. Hópurinn sem ég var með var smá í því að fíflast og bulla. En komu svo með alveg æðislegar hugmyndir“
- „það tók smá tíma fyrir nemendur að koma sér í almennilegan gír, en þegar það var komið var þetta ekkert mál“
- „það sem mér fannst hjálpa mikið var bækurnar sem kennararnir voru búnir að gera með mismunandi aðferðum“
- „það var mjög gaman að fá heimsókn frá Sorpu og Rauða krossinum og ég held að það hafi kveikt í mörgum hvað varðar efnaval og annað sem varðar efnin og það sem við vildum gera“
- „mér fannst sýningin æðisleg. Svo vel uppsett og allt svo skýrt og vel útskýrt. Opnun sýningarinnar var krúttleg og kósý“
- „mér fannst gaman að prófa að leggja inn verkefni bæði sameiginlega og einsömul. Það er allt öðruvísi þegar maður er í teymi og getur stólað á annan einstakling og öfugt en

það er líka mjög lærdómsríkt að standa ein, þurfa á taka af skarið, bretta upp ermarnar og henda sér í djúpu laugina“

- „ég vona að nemendum hafi þótt gaman að hafa okkur því þetta er vissulega mikil tilbreyting fyrir þá. Ég hugsa að ég hefði alveg verið til í svona samstarf þegar ég var í grunnskóla“
- „hugmyndirnar fæddust hver af annarri. Það var gaman að hjálpa svo nemendum í tímanum að vinna sín kort og sjá hvernig þau útbjuggu þau með allskonar myndum og teikningum“
- „hugarkortin voru virkilega skemmtileg hjá þeim, ótrúlega gaman að sjá hvað þau voru með mismunandi hugarkort en okkar. Þau lögðu mikla vinnu í þau“
- „ég var mjög ánægð að sjá tengingu við sjálfbærni og fræðslu um fataiðnaðinn og að nemendur fengju einhverja fræðslu um hversu mikil áhrif sá iðnaður hefur á loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar. Ég veit ekki hvernig kennurum gengur almennt að tengja sjálfbærni inn í sína grein en í þessum áfanga var það gert með markvissum hætti“
- „nýsköpunarblöðin sem voru kynnt taka markvisst á því að fá nemendur til að vinna við nýsköpun og fullvinna hugmyndir sínar. Mér leist mjög vel á þessa útfærslu og markmiðin í tengslum við nýsköpun er sýnileg nemendum. Nemandinn er ekki látinn gera „bara eitthvað“ heldur fær hann ramma til að vinna eftir sem hjálpar honum við að þróa hugmyndir sínar“

Reyjavík 1. júní 2017

Verkefnisstjóri

Garðaskóli

f.h. Menntavísindasviðs HÍ

---

Ásdís Jóelsdóttir

---

Brynhildur Sigurðardóttir

---

Björg Gísladóttir

## Heimildaskrá

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (e.d.). Hönnunarstefna fyrir Ísland: Hönnun sem drifkraftur til framtíðar. Sótt af <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Skyrslur/Drog-ad-honnunarstefnu-2013.pdf>

Einkaleyfastofan. (e.d.). Hvaða er hönnun? Sótt af <http://www.patent.is/honnun>

Garðaskóli. (e.d.). Val í 10. bekk í textílmennt: Fatahönnun og nýsköpun. Sótt af <http://www.gardaskoli.is/library/Files/kennsluaetlanir/2016-2017-haust/10.%20b%20text%C3%ADII%20haust%202016.pdf>

Háskóli Íslands. (e.d.). Textíll: Hönnun, listir, nýsköpun. GSS077G Nýsköpun í textíl. Sótt af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=70794020176&namskra=0>

Hönnunarmiðstöð Íslands. (e.d.). Hönnunarstefna 2014-2018. Hönnun sem drifkraftur til framtíðar. Sótt af <http://www.honnunarmidstod.is/media/PDF/honnunarstefna.pdf>

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2013). Sköpun: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sívía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar). *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.). Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011 og greinasvið 2013. Sótt af <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3-utg.-2016.pdf>

Nýsköpunarmiðstöð Íslands. (e.d.). Samfélagsleg nýsköpun. Sótt af <http://www.nmi.is/um-okkur/samfelagsleg-nyskoepun/>

Sigrún Helgadóttir. (2013). Sjálfbærni: Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sívía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar). *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Sprotasjóður. (e.d.). Hönnunar- og markaðsbraut. Sótt af [http://www.sprotasjodur.is/static/files/Fjolbr%20i%20Gardabae\\_no64\\_lokaskyrsla.pdf](http://www.sprotasjodur.is/static/files/Fjolbr%20i%20Gardabae_no64_lokaskyrsla.pdf)



# Viðaukar

1. Nýsköpunarblöð 1-9
2. Sýnishorn af myndum frá verkefnavinnu
3. Sýnishorn af lýsingum á sýningarmunum vegna sýninga
4. Sýnishorn af umfjöllun um sýningu í Garðaskóla
5. Sýnishorn af umfjöllun um sýningu í Stakkahlíð MVS HÍ
6. Viðtal við kennaranema vegna þátttöku í þróunarverkefninu „Nytjahlutir og tískuflíkur á textílsýningu“
7. Sýnishorn af greinargerð kennaranema í formi spurninga og svara
8. Sýnishorn af greinargerð nemenda í formi spurninga og svara

**Nýsköpunarblað 1: Aðferðir og tilraunir**

Nafn: \_\_\_\_\_

<b>Aðferð 1</b>	<b>Lýsing á aðferð</b>
<b>Aðferð 2</b>	<b>Lýsing á aðferð</b>
<b>Aðferð 3</b>	<b>Lýsing á aðferð</b>
<b>Aðferð 4</b>	<b>Lýsing á aðferð</b>
<b>Aðferð 5</b>	<b>Lýsing á aðferð</b>
<b>Aðferð 6</b>	<b>Lýsing á aðferð</b>
<b>Aðferð 7</b>	<b>Lýsing á aðferð</b>
<b>Aðferð 8</b>	<b>Lýsing á aðferð</b>
<b>Aðferð 9</b>	<b>Lýsing á aðferð</b>

**Nýsköpunarblað 2: Hugmyndaferli og hugarkortagerð**

Nafn: \_\_\_\_\_

Nýsköpunarblað 2 er mikilvægur hluti af hugmynda- og þarfagreiningu. Vinna á með a.m.k. fjórar hugmyndir og útbúa hugarkort fyrir hverja þeirra. Nafn hugmynda er sett fyrir miðju á blaði og síðan er notaður texti, skissumyndir og jafnvel ljósmyndir til að búa til tengingar við hugmyndina.

Svara á innihaldi spurninganna hér að neðan, þó á hver og einn að móta sín hugarkort á persónulegan hátt. Hugarkortin hjálpa til við ákvarðanatökuna.

**Hugarkort 1 (unnið á sérblaði)****1. Hver er aðferðin og hvað mætti búa til? Hver er þörfin og fyrir hvern? Hver væri nýsköpunin?**

---

---

---

**Hugarkort 2 (unnið á sérblaði)****2. Hver er aðferðin og hvað mætti búa til? Hver er þörfin og fyrir hvern? Hver væri nýsköpunin?**

---

---

---

**Hugarkort 3 (unnið á sérblaði)****3. Hver er aðferðin og hvað mætti búa til? Hver er þörfin og fyrir hvern? Hver væri nýsköpunin?**

---

---

---

**Hugarkort 4 (unnið á sérblaði)****4. Hver er aðferðin og hvað mætti búa til? Hver er þörfin og fyrir hvern? Hver væri nýsköpunin?**

---

---

---

**Nýsköpunarblað 3: Spurningar um hugmyndir**

Nafn: \_\_\_\_\_

Í tengslum við þörfina og það að afurðin geti flokkast undir nýsköpun þá er mikilvægt að spyrja þá einstaklinga sem afurðin er hugsuð fyrir. Með svörunum er mögulegt að fá fleiri sjónarhorn á afurðina. Nóg er að skrifa niður þrjár til fjórar spurningar sem þörf er á að fá svör við og nóg er að spyrja tvo einstaklinga sem geta verið skólafélagar eða einhverjir aðilar úr fjölskyldunni. Spurningarnar geta verið um útlitið, efnið, munstrið, liti, formið, sniðið eða notagildið.

**Spurning 1** \_\_\_\_\_**Svar 1** \_\_\_\_\_**Svar 2** \_\_\_\_\_**Spurning 2** \_\_\_\_\_**Svar 1** \_\_\_\_\_**Svar 2** \_\_\_\_\_**Spurning 3** \_\_\_\_\_**Svar 1** \_\_\_\_\_**Svar 2** \_\_\_\_\_**Spurning 4** \_\_\_\_\_**Svar 1** \_\_\_\_\_**Svar 2** \_\_\_\_\_

Mikilvægt er að taka eigin ljósmyndir af umhverfi eða hlutum sem geta haft áhrif á mótun hugmyndarinnar og sem einnig má nota á hugmyndaspjöldin.

Mynd 1.	
Mynd 2.	
Mynd 3.	
Mynd 4.	
Mynd 5.	
Mynd 6.	
Mynd 7.	
Mynd 8.	
Mynd 9.	
Mynd 10.	

## Nýsköpunarblað 4: Hugmyndaspjöld

Nafn: \_\_\_\_\_

Hugmyndaspjald er sett saman úr klippimyndum, skissum, myndum, efnisprufum o.fl. Slík framsetning örvar hugmyndaflæði og hjálpar til við ákvarðanatöku. Þannig geta hugmyndaspjöld flokkast undir hugarkort. Þau eru einnig mikilvægt tæki til að ná persónulegri og sjálfstæðari nálgun á viðfangsefnið, það að verða sérfræðingurinn í sínum eigin hugmyndum.

Hugmyndaspjaldið lýsir hugmyndinni nánar á ýmsa vegu, bæði sem myndrænni frásögn en einnig í texta- og skissuformi. Sett er upp einskonar frásögn um vöruna varðandi liti, munstur, snið, áferð sem og heildarútlit.

**Hugmyndir að þörf í tengslum við fatnað og nytjahlut og hvernig á að afla upplýsinga fyrir hvora hugmynd til að sannfærast um „gildi hugmyndarinnar“:**

### 1. Fatnaður

---

---

---

---

### 2. Nytjahlutur

---

---

---

---

**Stutt lýsing á afurðum og hvernig vinna eigi að útfærslu hugmynda: Hvað eiga hugmyndaspjöldin að innihalda? Hvernig á að vinna að skissum? Hvernig verður staðið að tilraunavinnu með aðferðir og snið?**

---

---

---

---

---

---

---

---

## Nýsköpunarblað 5: Úrvinnsla á hugmynd fyrir fatnað og fylgihlut

Nafn: \_\_\_\_\_

Unnið er út frá þörf-lausn-afurð, annars vegar í tengslum við fatnað og hins vegar nytjahlut. Gert er ráð fyrir því að búið sé að ákveða að vinna með ákveðnar aðferðir og nýtt efni og komin drög að útliti.

Nýsköpunarblað 5 er til að finna endanlega lausn og útlit á annars vegar flík og hins vegar nytjahlut. Eftir þessa vinnu er komið að nánari útlitsmótun og sniðútfærslu og ákvörðun tekin um hvað eigi að fullvinna, nytjahlut eða flík. Nýsköpunin er fólgin í að kanna „nýjar“ þarfir í fatnaði og nytjahlutum fyrir einstakling eða hóp. Nýsköpunin segir til um það hvað eigi að búa til og með hvaða aðferðum og sniðútfærslum. Hönnunin er fólgin í því að gera útlitið aðlaðandi.

Kennaranemar og nemendur þurfa að spyrja sig spurninganna: Hvert er nýmælið? Er um alveg nýjar hugmyndir að ræða? Eða eiga hugmyndirnar sér einhverjar hliðstæður og þá hverjar? Í framhaldinu þarf að svara eftirfarandi spurningum hér að neðan áður en lokaákvörðun er tekin um hvora hugmyndina (flík eða nytjahlut) eigi að fullvinna.

**Fyrir hvern er afurðin flík og hvert er nýmælið?**

---

---

**Fyrir hvern er afurðin nytjahlutur og hvert er nýmælið?**

---

---

**Hvernig mun flíkin líta út? Teiknið flatar téskuteikningar sem sýna bæði að framan og aftan.**

---

---

---

---

**Hvernig mun nytjahluturinn líta út? Teiknið útlitsteikningu.**

---

---

---

---

**Nýsköpunarblað 6: Fullvinnsla á lokaafurð og hugarkort**

Nafn: \_\_\_\_\_

Á þessu blaði greinir viðkomandi frá þeirri afurð sem ákveðið er að fullvinna. Útbúið er hugarkort um fullvinnsluna. Kennaranemar og nemendur eiga að skrá vinnuferlið í a.m.k. átta myndum með stuttum skýringartextum. Í lokin er unnin útlitsteikning af lokaafurðinni.

**Heiti afurðar:** \_\_\_\_\_**Hver er þörfin fyrir afurðina?**\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_**Hvert er nýmælið með afurðinni?**\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_**Gerið hugarkort yfir fullvinnsluna og lýsið síðan í stuttu máli:**

útliti afurðarinnar

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

efni og efnismagni

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

aðferðum og „nýju efni“

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

sniðútfærslu/uppskrift

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

vinnslu, og þá í nokkrum stigum

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

Hverjir voru kostnaðarliðir og heildarkostnaður við gerð afurðarinnar?

---

---

---

Vinnuferli við lokaafurð	Lýsing á innihaldi mynda
Mynd 1	
Mynd 2	
Mynd 3	
Mynd 4	
Mynd 5	
Mynd 6	
Mynd 7	
Mynd 8	
Mynd 9	
Mynd 10	

Útlitsteikning á lokaafurð er unnin þegar flíkin eða nytjahluturinn er svo til fullunninn.



**Nýsköpunarblað 7: Sýning og sýningarmunir**

Nafn: \_\_\_\_\_

Sýningin er samvinnuverkefni kennaranema og nemenda og verða sýningarmunir frá báðum aðilum.

Sýningarmuni þarf að setja fram á smekklegan hátt og í góðri samvinnu kennaranema og nemenda.

Kennaranemar og nemendur ákveða sjálfir framsetningu með hliðsjón af útliti, formi og umfangi afurðanna. Hér er átt við hugmyndavinnu og hugmyndaspjöld sem tilheyra annars vegar nytjahlut og hins vegar flík.

**Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram varðandi afurðirnar til þæginda fyrir sýningargesti:**

Flík - heiti afurðar og stutt lýsing:

---

---

---

Nytjahlutur - heiti afurðar og stutt lýsing:

---

---

---

**Sýningarmunir:**

- Hugmyndaspjöld fyrir bæði flík og nytjahlut
- Fullunnar útlitsteikningar af bæði flík og nytjahlut
- Myndir af vinnuferli við fullunnu afurðina flík/nytjahlut – sett upp á 1-2 A3 spjöld með stuttum skýringartextum
- Fullunnin vara
- Stemningsspjald eða ljósmynd af tilbúinni afurð í sínu rétta samhengi eða umhverfi
- Ferilmöppur kennaranema og nemenda með prufum og útfylltum Nýsköpunarblöðum sem og öðrum gögnum.

**Stutt lýsing á uppstillingu afurða og fylgihluta fyrir sýningu:**

---

---

---

## Nýsköpunarblað 8: Innihald ferilmöppu

Nafn: \_\_\_\_\_

Ferilmappan fellur undir Nýsköpunarblað 8: Innihald ferilmöppu. Innihald ferilmappanna eru mikilvæg gögn um það þróunarferli sem átt hefur sér stað í þróun og fullvinnslu hugmyndanna.

Kennaranemar og nemendur útbúa sjálfir ferilmöppurnar á persónulegan hátt með endurnýtingu í huga. Mappan á að vera í A3 stærð.

### Hér er tekið dæmi um innihald:

Inngangur og efnisyfirlit

1. Prufur, 2 prufustykki á A3 og leiðbeiningablöð frá kennaranemum
  2. =
  3. =
  4. =
  5. Ef prufur eru fleiri en átta
  6. Nýsköpunarblað 1
  7. =
  8. =
  9. =
  10. =
  11. =
  12. =
  13. =
  14. =
  15. Nýsköpunarblað 9: Námsmat er ekki sett í ferilmöppu fyrr en við lokaeinkunn.
  16. Hugarkort 1
  17. =
  18. =
  19. =
- o.s.frv.

Hugmyndaspjöld, lokateikningar af afurðum og ljósmyndir verða meðal sýningarmuna þannig að ekki verður gengið frá þeim gögnum í ferilmöppur fyrr en sýningum lýkur. Gera á þó ráð fyrir þeim gögnum í uppsetningu möppunnar og innihaldsskrá.

**Nýsköpunarblað 9: Námsmat**

Nafn: \_\_\_\_\_

Á námsmatsblaðinu er upptalning á eftirtöldum atriðum sem verða metin við einkunnagjöf.

**Námsmatið fyrir kennaranema vegna kennslu skiptist á eftirfarandi hátt:**

- Undirbúningur verkefna fyrir kennslu í Garðaskóla
- Kennsla í Garðaskóla
- Námsmat fyrir fjögur kennsluskipti í Garðaskóla

**Megináhersla við námsmat á nýsköpunarvinnu kennaranema og nemenda er í grófum dráttum:**

- Val og þróun hugmynda
- Frumkvæði, vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Notkun og nýjung í aðferðum
- Útfærsla hugmynda, hugarkort og hugmyndaspjöld
- Handverk og tækni
- Frumleiki og nýjung verkefna, fatnaður og nytjahlutur
- Lokaafurð
- Frágangur gagna í ferilmöppur sem ætlað er að endurspegli vinnuna
- Þátttaka í sýningu og framsetning sýningarmuna

Nýsköpunarblöðin frá 1-8 og ferilmappan munu liggja til grundvallar við lokamat kennaranema á vinnu nemenda og lokamati kennara á vinnu kennaranema. Námsmat fyrir kennaranema og nemendur í Garðaskóla verður einnig í formi leiðsagnar- og sjálfsmats meðan á vinnuferli stendur.

## 2. Sýnishorn frá verkefnavinnu kennaranema og nemenda

Flestir þátttakendur samankomnir eftir að lokið var við að setja upp sýningu



Innlögn fyrir stöðvakennsluna og sýnikennsla á scanNcut - vélina







Sýnishorn af tilraunavinnu í stöðvum







Tilraunir með ýmsar aðferðir til að breyta endurnýttum efnum






Hópumræður og teymisvinna til að tengja tilraunavinnu í aðferðum við hugmyndir að verkefnum



Efnisveitan nýttist vel í tilraunavinnu og í fullvinnslu verkefna – litlu sem engu var kostað til







Vinnsla við lokaafurðir hjá bæði kennaranemum og nemendum

### 3. Sýnishorn af lýsingum á sýningarmunum vegna sýninga

#### Sýnishorn af lýsingum kennaranema á verkefnum sínum:

##### Textílkennslusvunta

Fatnaðurinn sem varð fyrir valinu hjá mér er svunta fyrir textílkennara. Það sem er frábrugðið við hana er að á henni eru vasar sem hægt er að taka af og skipta út eftir því hvað stendur til í kennslunni hverju sinni. Ástæða þess er að í hverjum vasa eru þau verkfæri sem þarf að nota fyrir mismunandi textílkennslu. Til dæmis eru vasar fyrir prjón, hekl og útsaum.

##### Ábreiðsla fyrir ungbarnabílstól

Hugmyndin fæddist eftir að ég var með strákinn minn lítinn í ungbarnabílstól. Mér fannst alltaf vanta einhverja yfirbreiðslu sem var hvorki úr plasti né neti eins og var til. Ég ákvað því að útfæra ábreiðslu sem hægt væri að nota þegar það er rok og rigning og hlífir þá barninu. Ábreiðslan/hlífín er fest á handföngin með frönskum rennilás eða handföngin hnýtt og svo er teygja neðst sem hægt er að stilla eftir hverjum og einum stól. Breiðslan er opnanleg að framan til að auðvelda það þegar stóllinn er festur í bíl, en einnig til að opna þegar inn er komið í styttra stopp og barnið sefur. Það er gluggi ofan á sem hægt er að opna til að lofta um og sjá barnið, einnig eru vasar á hliðunum til að geyma snuð og dót barnsins. Endurskinsmerki eru utan á henni sem er hentugt þegar dimmt er úti.

##### Diskamottulöber

Hugmyndina fékk ég þar sem mér finnst plastdúkar algjör snilld á borð og geta þurrkað allt í burtu þegar matartíminn er búinn - bara þvílíkt þægilegt. Mig langaði til þess að gera diskamottulöber sem væri í fínni kantinum og hafa plast utan um hann sem límt er að aftan með hita frá straujárninu. Það auðveldar manni að þurfa ekki alltaf að vera að þvo dúka þó að það sullist smá niður. Því er þetta einföld, þægileg og smart lausn. Einnig er hægt að skipta um plast utan á efninu ef plastið er orðið ljótt. Diskamottulöberinn er diskamotta en líka um leið fallegur dúkur. Miðjan er skreytt blómum en þar er einnig laust svæði fyrir skreytingu eða kerti.

##### Handtaska

Aðferðin sem notuð var við verkefnið nefnist á ensku „progging“, en ég veit ekki til þess að það sé til íslenskt orð yfir aðferðina. Efnið sem ég notaði er röndótt, flöskugrænt og að hluta til hálf gegnsætt. Taskan er fódruð og það er lítill vasi á fóðrinu fyrir smáa hluti. Handfangið er af gamalli tösku sem ég keypti á nytjamarcaði fyrir 350 kr. en það er allur kostnaðurinn sem fór í þessa handtösku. Taskan er svo gott sem kringlótt í laginu.

##### Sokkabuxur

Það sem mér finnst skemmtilegast við þessa hugmynd mína er að þetta eru sokkabuxur sem eru prjónaðar úr sokkabuxum. Ég leitaði til vinkvenna minna og þær gáfu mér ónýtar sokkabuxur. Sokkabuxurnar klippti ég síðan niður og vafði upp í hnykil og prjónaði nýjar á prjóna nr. 12. Útlitið á sokkabuxunum er nokkuð hrátt og þær eru ansi töffaralegar á fæti.

##### Proggaður stóll

Hugmyndin er að gefa gömlum stól nýtt líf. Stóllinn er pússaður og málaður hvítur. Sessan er progguð úr gamalli grófri blúndu og bútum af fjórum gerviefnum. Mismunandi litir gerviefnanna skapa hreyfingu í sessuna. Í nýsköpuninni felst proggaða sessan sem sýnir að hægt sé að progga úr gömlu eldhúsgardínunum og Henson gallanum og skapa nýtt fallett húsgagn.



**Brjóstagjafarpeysa**

Brjóstagjafarpeysa er hugsuð sem fín og klæðileg flík fyrir konur með barn á brjósti. Hún er sniðin þannig að hún sé þægileg fyrir móðurina þegar hún er að gefa brjóst. Hún er einnig hugsuð sem hátíðlegri flík þannig að móðirin geti farið á fínni samkomur í henni. Hún er sniðin þannig að flíkin virki grennandi.

**Sýnishorn af lýsingum nemenda á verkefnum sínum:****Fjölnota taska sem hrindir vel frá sér**

Efnið, sem er stíft bómullartjaldefni er endurunnið með tauþrykksaðferðum þar sem notaðar eru blúndur og krumpaður pappír til að gera þrykkt mynstur. Taskan er skreytt með filmum sem klipptar eru til og straujaðar á efnið. Búið til nýtt efni í hliðar og saumaðar sterkar höldur sem geta borið mikið. Hentar þeim sem vilja góða tösku undir tölvu, ípad eða annað.

**Nett sparitaska**

Litla netta taskan mín er gerð úr efni sem notað er í dýnuhlífar. Innra byrðið er úr rúllugardínu og vasinn úr gardínuefni. Efnið er skreytt með gardínublúndu sem fékk að liggja í litabaði yfir helgi. Axlarólin er úr fléttuðu niðsterku nælonbandi sem ætti að duga vel og lengi. Notaði scanNcut vélna til að setja uppáholdstáknið mitt á töskuna.

**Diskamotta til að læra af**

Hönnuð fyrir þá sem vilja læra að leggja rétt á borð. Hugsað fyrir yngri systkini mín sem geta þá betur hjálpað við heimilisstörf. Efnið er áklæði skreytt með borða. Hnífapörin skorin út í scanNcut vélinni sem ég er núna búin að læra á og get notað ein og óstudd.

**Vaxaður lampaskermur**

Lampinn er hugsaður fyrir heimili og þá sem vilja hafa frumlega hluti í kring um sig og kósý stemmningu. Kertavax er látið renna yfir þétt teygjanlegt bómullarefni og þegar vaxið hefur storknað er efninu dýft í litabað. Efnið er lagt á milli dagblaða sem draga í sig vaxið þegar straujað er yfir allt saman. Ikea lampi var notaður sem grunnur. Lampinn getur staðið á borði og gólfi og birtan er hlýleg og róandi.

**„Felulegar“ kósíbuxur**

Buxur búnar til úr gardínum. Þægilegar til notkunar dags daglega og til að geta hreyft mig og liðið vel. Mosagrænar með stroffi og mjúkum vattstungnum hnésbótum úr flísefni og vatti. Hnésbætturnar koma sér vel, styrkja álagssvæði, gefa mýkt og flott útlit. Grunnsniði var breytt á einfaldan hátt og gardínan sett í nýtt samhengi.

**Ofurhlý peysa**

Peysan er ætluð þeim sem vilja láta sér líða vel á köldustu dögum vetrarins eða í útilegum á sumrin. Vélprjónaðir afgangar sniðnir til og framlengdir með því að prjóna framan á ermarnar, stroff að neðan og í hálsnál. Góð blanda af vélprjóni og handprjóni. Fyrir þá sem eru viðkvæmir fyrir lópanum kemur til greina að nota mýkra garn.

**Progg krans**

Progg krans sem uppfyllir þörfina fyrir að skreyta heimilið á skapandi hátt. Í kransinn voru notaðir mismunandi hvítir efnisbútar sem festir voru í netmottu (undirlag undir teppi). Hægt er að gera alls konar kransa með mismunandi útfærslum og litum eftir árstíðum eða öðru þema eins og hver og einn kýs.

#### 4. Sýnishorn af umfjöllun um sýningu í Garðabæ Stakkahlíð MVS HÍ

<http://www.gardaskoli.is/forsida/frettir/frett/2016/11/27/Syning-a-nyskopunarverkum-nemenda-i-Fatahonnun-2/>

# Innleiðing nýsköpunar í textíl

27.11.2016



Þróunarverkefni í innleiðingu nýsköpunar í textíl er samvinnuverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Garðaskóla í Garðabæ.

Um er að ræða spennandi samstarfsverkefni og þróunarverkefni sem styrkt er af Sprotasjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins í innleiðingu nýsköpunar í textíl milli Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Garðaskóla í Garðabæ. Um er að ræða samvinnu á milli lektors í textíl við MVS HÍ Ásdísar Jóelsdóttur og Guðrúnar Bjarkar Einarsdóttur, textílkennara í Garðaskóla. Verkefnið er fólgið í því að kennaranemar kenna nemendum í 10. bekk í tengslum við tilraunavinnu með ýmsum nýjum textílaðferðum og hugmyndavinnu fyrir nýsköpunarverkefni, ásamt því að vinna að eigin nýsköpunarverkefnum. Lokamarkmiðið er síðan sameiginleg sýning á afurðum eftir nema á MVS og nemenda í 10. bekk í Garðaskóla. Sýningin stendur til 7. desember og er opin á skólatíma. Sýningin er í Garðaskóla, en í janúar fer hún upp í Stakkahlíð.

## 5. Sýnishorn af umfjöllun um sýningu í Stakkahlíð MVS HÍ

### Sýningaropnun — Nýsköpun í textíl

**Hvenær hefst þessi viðburður:**

10. janúar 2017 - 14:30 til 13. janúar 2017 - 16:00

**Staðsetning viðburðar:**

[Stakkahlíð](#)

**Nánari staðsetning:**

Skáli



Sýning á afrakstri þróunarverkefnis í innleiðingu nýsköpunar í textíl verður opnuð þriðjudaginn 10. janúar kl. 14.30.

Um er ræða spennandi samstarfs- og þróunarverkefni sem styrkt er af Sprotasjóði mennta- og menningarmálaráðaneytisins í innleiðingu nýsköpunar í textíl hjá verðandi textílkennurum á Menntavísindasviði og nemenda í textílmennt í 10. bekk í Garðaskóla í Garðabæ.

Verkefnið var samvinna Ásdísar Jóelsdóttur, lektors í textíl við Menntavísindasvið, og Guðrúnar Bjarkar Einarsdóttur, textílkennara í Garðaskóla. Verkefnið var fólgið í því að kennaranemar leiðbeindu nemendum í 10. bekk í tengslum við tilraunavinnu með ýmsum nýjum textílaðferðum og hugmyndavinnu fyrir nýsköpunarverkefni, ásamt því að vinna að eigin nýsköpunarverkefnum.

Á sýningunni eru verk eftir kennaranema við Háskóla Íslands og nemendur í Garðaskóla. Meðal verka eru sokkabuxur úr endurnýttu efni, handtaska úr fjölbreyttu hráefni, fjölnota drykkjarmál, textílkennarasvunta, blómapottaskrauthlíf og nýstárleg lopapeysa.

Sýningin stendur frá 10.-13. janúar og er staðsett fyrir framan matsalinn í húsnæði Menntavísindasviðs í Stakkahlíð.

Sjá einnig: [Nytjahlutir og tiskuflíkur á textílsýningu](#)

## 6. Viðtal við kennaranema vegna þátttöku í þróunarverkefninu „Nytjahlutir og tískuflíkur á textílsýningu“

### „Nytjahlutir og tískuflíkur á textílsýningu“



„Þetta gekk mjög vel, nemendur voru virkilega áhugasamir og sýndu mikinn metnað við vinnslu afurða,“ segir Hanna Ósk Helgadóttir, kennaranemi og ein þeirra sem tóku þátt í samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Garðaskóla.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Garðaskóli í Garðabæ vinna um þessar mundir að spennandi samstarfs- og þróunarverkefni í innleiðingu nýsköpunar í textíl. Að sögn Ásdísar Jóelsdóttur, lektors í textíl við Menntavísindasvið, sem leiðir verkefnið ásamt Guðrúnu Björk Einarsdóttur, textílkennara í Garðaskóla, er samstarfið m.a. fólgið í því að kennaranemar leiðbeina nemendum í 10. bekk við að þróa nýsköpunarverkefni. Á sama tíma vinna kennaranemar að eigin verkefnum.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 í textílmennt er lögð aukin áhersla á sköpun, hugmyndavinnu, hönnun og nýsköpun. Ásdís lýsir nýsköpun í textíl að það geti m.a. átt við nýjar aðferðir og hugmyndir. „Nýjar textílaðferðir eru t.d. að vinna með nýja nálgun á eldri aðferðir, ný mynstur, nýjar áferðir, nýjar þarfir, endurnýtingu og -sköpun, svo fátt eitt sé nefnt,“ bendir Ásdís á.

#### Mikil ánægja með verkefnið

Hanna Ósk Helgadóttir, nemandi á öðru ári í kennaranámi með [kjörsviðið textílmennt](#), er ein þeirra sem tóku þátt í verkefninu. „Þetta gekk mjög vel, nemendur voru virkilega áhugasamir og sýndu mikinn metnað við vinnslu afurða. Í tengslum við verkefnið notuðum við svokölluð „nýsköpunarblöð“ til að halda skipulega utan um ferlisvinnuna og fjölbreyttar kennsluáðferðir, s.s. stöðvakennslu, hópumræður og teymisvinnu.

Meginmarkmiðið var að nemendur gætu nýtt sér aðferðirnar þegar á hólminn væri komið. Hugmyndavinnan var unnin með hugarkortum og hugmyndaspjöldum og að lokum áttu nemendur að velja að hanna og vinna annaðhvort flík eða nytjahlut,“ lýsir Hanna en hennar verkefni fól í sér gerð ábreiðslu á ungbarnabílstól og lambhúshettu.

#### Fyrirkomulag sem allir græða á

Eins og fyrr sagði er Hanna í kennaranámi og stefnir á textílkennslu í framtíðinni. Hún telur að vettvangsnám af þessu tagi skipti sköpum fyrir kennaranám. „Við fáum aðra sýn á kennsluna þar sem við erum í raun þátttakendur á sama tíma og við erum að kenna. Við gengum því að nokkru leyti í gegnum það sama og nemendur, eins og t.d. hugmyndavinnuna sem getur stundum verið strembin. Með þessu ferli skilur maður nemendur betur og á auðveldara með að setja sig í þeirra spor. Auk þess fær textílkennarinn hugmyndir frá kennaranemum sem hann getur nýtt áfram í sinni kennslu. Fyrirkomulagið opnar því möguleika í báðar áttir sem allir græða á.“

Afrakstur verkefnisins er [sameiginleg sýning](#) nemenda í Garðaskóla og kennaranema við Háskóla Íslands. Meðal verka á sýningunni eru sokkabuxur úr endurnýttu efni, handtaska úr fjölbreyttu hráefni, fjölnota drykkjarmál, textílkennarasvunta, blómapottaskrauthlíf og nýstárleg lopapeysa. Verkin verða einnig til sýnis í húsnæði Menntavísindasviðs í Stakkahlíð í upphafi næsta árs.

## 7. Sýnishorn af greinargerðum kennaranema og nemenda í formi spurninga og svara

### Sýnishorn af greinargerð kennaranema



### Spurningar og svör í formi greinargerðar

Greinargerðin verður í formi svara ykkar við eftirfarandi spurningum, en ætlunin er að nýta hluta af svörum ykkar í samantekt vegna lokaskýrslu í tengslum við þróunarverkefnið *Innleiðing nýsköpunar í textíl* sem var hluti af námskeiðinu Nýsköpun í textíl á MVS. Það sem nýtt verður úr svörum ykkar verður nafnlaust.

Ég undirrituð samþykki að nýta megi svör mín, þ.e. nafnlaus svör, í lokaskýrslu vegna þróunarverkefnisins *Innleiðing nýsköpunar í textíl*, sem er í umsjón Ásdísar Jóelsdóttur lektors á MVS HÍ og Guðrúnar Einarsdóttur textílkennara í Garðaskóla.

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

#### 1. Getur þú sagt frá skipulaginu í byrjun (MVS og Garðaskóli)

Er eitthvað sem þú getur nefnt sem betur mætti fara?

#### 2. Hvernig undirbjóstu þú þig fyrir stöðvakennsluna?

Er eitthvað sem þú getur nefnt sem betur mætti fara?

#### 3. Hvernig upplifðir þú sameiginlegu innlögnina fyrir stöðvakennsluna, 1 og 2?

Hvernig fannst þér nemendur í Garðaskóla upplifa innlögnina?

Er eitthvað sem þú getur nefnt sem betur mætti fara?

**4. Hvernig fannst þér skipulagið ganga í stöðvakennslunni, 1 og 2?**

Hvernig fannst þér nemendur í Garðaskóla upplifa stöðvakennsluna?

Er eitthvað sem þú getur nefnt sem betur mætti fara?

**5. Hvernig fannst þér skipulagið ganga í tengslum við hópumræður, 1 og 2?**

Hvernig fannst þér nemendur í Garðaskóla upplifa hópumræðurnar?

Er eitthvað sem þú getur nefnt sem betur mætti fara?

**6. Hvernig fannst þér skipulagið ganga í tengslum við teymisvinnuna 1 og 2?**

Hvernig fannst þér nemendur í Garðaskóla upplifa teymisvinnuna?

Er eitthvað sem þú getur nefnt sem betur mætti fara?

---

**7. Hvernig fannst þér ganga að undirbúa þig fyrir 3. og 4. skiptið í Garðaskóla í tengslum við Nýsköpunarblöð 2 og 3 (hugarkort og spurningakönnun)?****8. Hvernig tókst nemendum í Garðaskóla að þróa hugmyndir sínar með aðstoð hugarkorta og með aðstoð ykkar?****9. Hvernig hefur þú upplifað vinnuferlið við eigin verkefni?****10. Hvernig fannst þér takast til við uppsetningu sýningar?****11. Hvernig ætti námsmati að vera háttað hjá nemendum í Garðaskóla og hvað ætti að meta miðað við hæfniviðmið námskeiðsins (sjá Námskeiðsbók)?**

Mögulegt er að hafa til viðmiðunar eftirfarandi þætti: Nýsköpunarblöð, hugarkort og hugmyndaspjöld, fullunna afurð og uppstillingu á sýningu.

**12. Gerðu stutta lýsingu á einkunnagjöf fyrir prufuna þína í stöðvakennslunni miðað við A, B og C.**

Matsviðmiðið fyrir verkgreinar hér fyrir neðan er tekið úr *Aðalnámskrá grunnskóla*, greinasvið 2013, bls. 165-168.

**A – stendur fyrir:**

Nemandi getur skipulagt vinnu sína mjög vel og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í sjálfstæðri og skapandi vinnu. Tjáð sig á sjálfstæðan hátt með vinnuteikningu, útfært eigin hugmyndir og unnið af öryggi eftir hönnunarferli. Greint og rætt viðfangsefni sitt á gagnrýninn hátt með rökstuðningi og notað til þess viðeigandi hugtök. Valið af öryggi og sjálfstæði efni út frá umhverfissjónarmiðum, tengt vinnu sína við sjálfbæra þróun og sýnt það í verki. Greint af nákvæmni frá mismunandi efnum og tækjum sem notuð eru, sýnt af öryggi réttar vinnustellingar og mjög góða umgengni. Greint og rökstutt hagnýtingu og nýsköpun í verkefnum og rætt af innsæi og sjálfstæði mögulegar lausnir\*. Lýst af nákvæmni

einkennum íslenskrar og erlendrar menningar í samhengi við verkgreinar og hvaða áhrif hún hefur á daglegt líf.

**B – stendur fyrir:**

Nemandi getur skipulagt vinnu sína vel og beitt nokkrum aðferðum og tækni í sjálfstæðri og skapandi vinnu. Tjáð sig með vinnuteikningu, útfært eigin hugmyndir og unnið eftir hönnunarferli. Greint og rætt viðfangsefni sitt og notað til þess algeng hugtök. Valið efni af sjálfstæði út frá umhverfissjónarmiðum, tengt vinnu sína við sjálfbæra þróun og sýnt það í verki. Greint frá mismunandi eignum og tækjum sem notuð eru, sýnt réttar vinnustellingar og góða umgengni. Greint hagnýtingu og nýsköpun í verkefnum og rætt af sjálfstæði mögulegar lausnir. Lýst einkennum íslenskrar og erlendrar menningar í samhengi við verkgreinar og hvaða áhrif hún hefur á daglegt líf.

**C – stendur fyrir:**

Nemandi getur skipulagt vinnu sína nokkuð vel og beitt einföldum aðferðum og tækni í sjálfstæðri og skapandi vinnu. Tjáð sig á einfaldan hátt með vinnuteikningu, útfært eigin hugmyndir og unnið með leiðsögn eftir hönnunarferli. Greint og rætt viðfangsefni sitt að nokkru leyti og notað til þess algeng hugtök. Valið með leiðsögn efni út frá umhverfissjónarmiðum, tengt vinnu sína við sjálfbæra þróun og sýnt það í verki. Greint að nokkru leyti frá mismunandi eignum og tækjum sem notuð eru, sýnt að jafnaði réttar vinnustellingar og sæmilega umgengni. Greint með leiðsögn hagnýtingu og nýsköpun í verkefnum og rætt mögulegar lausnir. Lýst nokkrum einkennum íslenskrar og erlendrar menningar í samhengi við verkgreinar og hvaða áhrif hún hefur á daglegt líf.

Dæmi: vattsaumur

A	
B	
C	

## 8. Sýnishorn af greinargerð nemenda í Garðaskóla

### Nokkrar spurningar vegna greinargerð nemenda í 10. bekk í textílvali

Nafn \_\_\_\_\_

1. Hvernig fannst þér ganga í stöðvakennslunni? \_\_\_\_\_

---

---

2. Hvað fannst þér um umræðurnar eftir stöðvarkennsluna þ.e. um hvað væri hægt að búa til eftir að hafa lært aðferðirnar og tillögur sem komu frá öðrum? \_\_\_\_\_

---

---

3. Hvernig fannst ykkur að vinna hugarkortin og komu þau að gagni? \_\_\_\_\_

---

---

4. Hvernig upplifðuð þið sýninguna? \_\_\_\_\_

---

---

5. Eitthvað annað sem mætti koma fram? \_\_\_\_\_

---

---